



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu (tekjuöflun Ríkisútvarpsins o.fl.), MNH26060133
Ráðuneyti	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	24. september 2026

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.

- a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?

Greind voru áhrif frumvarpsins á Ríkisútvarpið miðað við að aflétta lánaskuldbindingum vegna eldri lífeyrisskuldbindinga (svokallaðs LSR-láns) og skerða tekjur samstæðunnar um fjárhæð sem nemur 10%, 11% og 12% auglýsingatekna, auk þess að lögfesta 2800 m.kr. hámark auglýsingatekna (meðaltal auglýsingatekna síðastliðinna fjögurra ára). Niðurstöður sýndu að áhrif á sjóðstreymi félagsins yrðu neikvæð ef hlutfall skerðingar færi yfir 6,6-7,6%. Munar þar mestu um hlutfallslega skerðingu en minna um „þak“ á auglýsingatekjum, þar sem auglýsingasala fór aðeins einu sinni yfir 2800 m.kr. þak á síðastliðnum fjórum árum.

Ef litið er til auglýsingatekna RÚV á síðastliðnum fjórum árum sést að tekjur RÚV hefðu lækkað um 263 til 382 milljónir kr. á ári á árunum 2022-2025 ef félagið hefði greitt framlag sem næmi **10% af auglýsingatekjum** næstliðins árs. Áhrif á sjóðstreymi félagsins, ef tekið er tillit til mótvægisáðgerðar um afléttingu lánaskuldbindinga, sjást áætluð í dálkinum lengst til hægri.

Ár	Lán	Auglýsingatap	Mismunur
2022	206	382	-176
2023	206	279	-73
2024	206	273	-67
2025	206	263	-57
Meðaltal	206	299	-93

- b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.
Áætlanir byggjast á auglýsingatekjum RÚV á síðastliðnum fjórum árum og miðast jafnframt við að gripið verði til aðgerða til að koma til móts við tekjutap RÚV, með afléttingu lánaskuldbindinga vegna eldri lífeyrisskuldbindinga.
Hafa ber í huga að auglýsingatekjur og gjöld vegna sýningaréttinda eru sveiflukennd eftir árum, t.d. eftir því hvort stórir íþróttaviðburðir eru á dagskrá, en tekjur af þeim standa að nokkru leyti undir fjármögnun á slíku efni. Samningar um kaup á sýningarréttindum og framleiðslu á þessu efni eru í mörgum tilvikum gerðir mörg ár fram í tímann
- c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
Varanleg.

- d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldapróun.
Á ekki við.
- e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlíð og gjaldahlíð en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.
Á ekki við.

2. Tekjubreytingar.

Ekki er gert ráð fyrir að brottfelling kvaða um fjölda útvarpsstöðva hafi í för með sér breytingar á útgjöldum eða tekjum fyrir ríkissjóð, þar sem að ekki er mælt fyrir um breytingar á fjölda útvarpsstöðva Ríkisútvarpsins til fjölgunar eða fækkunar.

Frumvarpið hefur í för með sér að hluti innheimtra tekna ríkissjóðs af útvarpsgjaldi rennur ekki til reksturs Ríkisútvarpsins. Frumvarpið tengist áformum ríkisstjórnarinnar um að framlög til einkarekinna fjölmiðla verði hækkuð um samsvarandi fjárhæð og skerðingu nemur, með þeim fyrirvara að Alþingi ákveður skiptingu fjárheimilda til málefna sviða og málaflokka í fjárlögum ár hvert. Ekki er því gert ráð fyrir að lögin, verði frumvarpið samþykkt, hafa í för með sér tekjubreytingar fyrir ríkissjóð. Auk þess hefur frumvarpið í för með sér að skilgreint verði hámark auglýsingatekna Ríkisútvarpsins.

3. Útgjaldabreytingar.

Frumvarpið sjálf felur ekki í sér útgjaldaaukningu ríkisins verði frumvarpið að lögum, heldur að hluti tekna ríkisins af útvarpsgjaldi verði eftir í ríkissjóði. Frumvarpið byggist þó á þeirri forsendu að fjárframlög til einkarekinna fjölmiðla verði hækkuð um samsvarandi fjárhæð og gripið verði til mótvægisáðgerða til að takmarka tekjumissi Ríkisútvarpsins til að félagið geti áfram uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og þjónustusamningi. Frumvarpið tengist þannig áformum ríkisstjórnarinnar um að aflétta lánaskuldbindingum Ríkisútvarpsins vegna eldri lífeyrisskuldbindinga, svokölluðu „LSR-láni“, af félaginu. Með því móti verði bæði rekstrar- og fjárfestingagrundvöllur fyrirtækisins færður til viðunandi horfs og skuldir vegna eldri lífeyrisskuldbindinga Ríkisútvarpsins færðar frá félaginu, eins og gert hefur verið hjá nær öllum opinberum aðilum og fyrirtækjum sem sinna opinberum rekstri.

Frumvarpið er ekki talið hafa í för með sér teljandi kostnað fyrir stjórnsýslu ríkisins. Ráðuneytið fær það hlutverk að staðfesta þá fjárhæð sem kemur til frádráttar tekjum af útvarpsgjaldi á ári hverju og er heimilt að útvista því verkefni til óháðra endurskoðenda.

Þess er vænst að lagabreytingin geti haft jákvæð efnahagsleg áhrif til lengri tíma þar sem áform stjórnvalda um að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði eru talin til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á rekstur innlendra, einkarekinna fjölmiðla, samkeppni og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Þannig er talið að samfélagslegur ávinningur af samþykkt frumvarpsins verði meiri en hugsanleg neikvæð eða íþyngjandi áhrif þess á Ríkisútvarpið.

4. Eignabreytingar.

Engar.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.
Já.
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
Já.

- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.
Frumvarpið hefur þau áhrif á tekjuöflun ríkissjóðs að hluti tekna ríkissjóðs af útvarpsgjaldi verður eftir í ríkissjóði í stað þess að renna til Ríkisútvarpsins.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
Á ekki við.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.
Á ekki við.
- f) Opinber innkaup og útboð.
Á ekki við.
- g) Eignaumsýsla ríkisins.
Á ekki við.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
Á ekki við.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.
Á ekki við.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
 - a) í gildandi fjárlögum
Nei.
 - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
Nei.
 - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
Nei.
2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?
Vinna stendur yfir í fjármála- og efnahagsráðuneyti um afléttingu lánaskuldbindinga Ríkisútvarpsins, vegna eldri lífeyrisskuldbindinga. Aflétting lánaskuldbindinga tengist fyrirhugaðri skerðingu tekna Ríkisútvarpsins af útvarpsgjaldi en fellur utan gildissviðs lagasetningar.
3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?
Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.
Breytingunni er ætlað að hafa jákvæð áhrif á samkeppni og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði og rekstur einkarekinna fjölmiðla til lengri tíma.
2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?
Liggur ekki fyrir að öðru leyti en því að áformuð lagasetning hefur áhrif á tekjuöflun Ríkisútvarpsins.
3. Samkeppnisskilyrði.
 - a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).
Á ekki við.

- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).
Á ekki við.
- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).
Á ekki við.
- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)
Á ekki við.

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.**
– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.
Á ekki við.
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).**
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.
Á ekki við.
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.**
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.
Á ekki við.
4. **Áhrif á byggðalög.**
Á ekki við.
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök.**
Á ekki við.
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna.**
Á ekki við.
7. **Áhrif á lýðheilsu.**
Á ekki við.
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.**
Á ekki við.
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.**
Á ekki við.
10. **Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.**
Á ekki við.
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.**
Á ekki við.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Á ekki við.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Ekki er gert ráð fyrir að brottfelling kvaða um fjölda útvarpsstöðva hafi í för með sér breytingar á útgjöldum eða tekjum fyrir ríkissjóð.

Frumvarpið hefur í för með sér að hluti innheimtra tekna ríkissjóðs af útvarpsgjaldi verður eftir í ríkissjóði og rennur ekki til reksturs Ríkisútvarpsins. Áform stjórnvalda eru þau að framlög til stuðningskerfis við einkarekna fjölmiðla verði hækkuð um samsvarandi fjárhæð. Gangi þau áform eftir felur frumvarpið ekki í sér tekjubreytingu fyrir ríkissjóð.

Mótvægisáðgerðir sem tengjast áformaðri lagasetningu en falla utan gildissviðs hennar eru þær að aflétt verði lánaskuldbindingum Ríkisútvarpsins vegna eldri lífeyrisskuldbindinga. Þau áform munu leiða til aukins kostnaðar ríkissjóðs en er að sama skapi ætlað að styrkja afkomu Ríkisútvarpsins og íslenskt fjölmiðlaumhverfi til lengri tíma.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Áformin geta haft jákvæð áhrif á starfsemi íslenskra fjölmiðla og framleiðslu innlends efnis á íslensku.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Telja verður að jákvæð áhrif séu meiri en neikvæð.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?